



AÐALFUNDUR

Haldinn 23. apríl 2013

Ársskýrsla

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa	3
Stjórnarfundir	4
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:	4
1. Dagur náms- og starfsráðgjafa	5
2. Sí- og endurmenntun félagsmanna	6
3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar	6
4. Greinargerðir fagráða:	8
Fagráð grunnskóla:	8
Fagráð framhaldsskóla:	8
Fagráð háskóla:	8
Fagráð atvinnulífsins:	9
5. Frá siðanefnd:	10
6. Kjara- og hagsmunamál	10
Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:	10
Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:	10
Frá kjara- og hagsmunanefnd háskóla:	10
Kjara- og hagsmunamál vegna nema í HÍ:	11
7. Vefsíða FNS:	11
8. Félagatal og félagsaðild FNS:	11
9. Fjárreiður og félagsgjöld FNS:	12
10. Styrkir til FNS:	12
11. Norrænt samstarf:	12
12. Umsagnir:	12
Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga:	12
13. Önnur verkefni	12
Lokaorð:	13

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 23. apríl 2013.

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála.
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, fulltrúa norræns samstarfs og fagráða
8. Kosning endurskoðanda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar, Laufásvegi 13, 26. apríl 2012. Fundarstjóri var Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir. Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, var kjörin áfram til formennsku fyrir félagið. Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum Bifröst, var kjörin áfram varaformaður. Ágústa Björnsdóttir var kjörin gjaldkeri. Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, var endurkjörin ritari. Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, var endurkjörin meðstjórnandi. Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, og Ólöf Helga Þór, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, voru endurkjörnar í varastjórn.

Aðalfundurinn að þessu sinni var með öðrum hætti þar sem einnig var haldið upp á 30 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa. Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir flutti ávarp og færði félaginu blómvönd. Magni Ásgeirsson listamaður kom og skemmti félagsmönnum með söng og uppistandi. Frábærar veitingar voru einnig í boði.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, formaður
Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum Bifröst, varaformaður

Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, ritari
Ágústa Björnsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, gjaldkeri
Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, meðstjórnandi

Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, varastjórn
Ólöf Helga Þór, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, varastjórn.

Hrönn Baldursdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Kristín Birna Jónasdóttir, Endurmenntun HÍ, og Bjarkey Gunnarsdóttir, Fjallaskóla, gáfu áfram kost á sér í fræðslunefnd. Ásdís Lovísa Grétarsdóttir, Hagaskóla, og Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálastofnun, gáfu kost á sér í fræðslunefnd.

Úr fræðslunefnd gengu Erna Guðbjörg Árnadóttir, IÐUNNI fræðslusetri, og Guðrún Erla Gunnarsdóttir, Fellaskóla.

Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Marín Björk Jónasdóttir, varaformaður, Ásthildur Guðlaugsdóttir, meðstjórnandi, Ágústa Björnsdóttir gjaldkeri og Þórdís Þórisdóttir, ritari. Guðrún S. Helgadóttir og Ólöf Helga Þór í varastjórn. Jónína Ólafsdóttir Kársdal, Háskóla Íslands og Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, tóku að sér umsjón með heimasíðu félagsins og tóku við því af Ólafi Haraldssyni sem hafði sinnt því undanfarin ár og eru honum færðar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Varastjórn var boðuð á alla fundum og fræðslunefnd á flesta. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd notuðu auk þess rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Kjara- og hagsmunamál
- Fagráð
- Heimasíða FNS
- Félagatal og félagsaðild FNS
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Styrkir til FNS
- Umsagnir um námsefni
- Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga
- Önnur mál

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrst og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Anna G. Hugadóttir, FG, og Guðrún S. Helgadóttir, MK, í kjaranefnd FF.
2. Sigríður Bílddal, Holtaskóla, og Helga Helgadóttir, Hraunvallaskóla, í kjaranefnd FG.
3. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Hólum í Hjaltadal, í kjaranefnd háskóla.
4. Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnuálastofnun Vestfjarða, og Heimir Haraldsson, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
5. Toby S. Herman, MR og Háskólanum Bifröst, í sjúkrasjóði KÍ.
6. Björg Kristjánsdóttir, MH og formaður FNS, Edda Björk Viðarsdóttir, Vinnuálastofnun, Lilja Rós Óskarsdóttir, Mími símenntun, og Drífa Sigurjónsdóttir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, í síðanefnd.
7. Fríða Elísa Ólafsdóttir, Ártúnsskóla, Margrét Björk Arnardóttir, Árskóla, og Elva Björk Ágústsdóttir, Hofsstaðaskóla, í fagráði grunnskóla.

8. Ásdís Birgisdóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, Sesselja Pétursdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, í fagráði framhaldsskóla.
9. Gréta Matthíasdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Sólveig Hrafnisdóttir, Háskólanum á Akureyri og Marín Björk Jónasdóttir Háskólanum Bifröst, í fagráði háskóla.
10. Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Mími símenntun, Magnea Ingólfssdóttir, Vinnumálastofnun, Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, í fagráði atvinnulífsins.
11. Ketill Jósefsson, Vinnumálastofnun, fulltrúi FNS í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa. Varamaður Ólöf Helga Þór, FB.
12. Umsjón með heimasíðu: Jónína Ólafsdóttir Kárdal, HÍ, og Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla.
13. Björg Kristjánsdóttir, MH og formaður FNS, í samstarfshópi um evrópskt net náms- og starfsráðgjafar (ELGPN) á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagur náms- og starfsráðgjafar var haldinn 26. október 2012 í sal Nauthóls við Nauthólsvík.

Yfirskrift dagsins var „Stöndum þétt saman sem stétt“. Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun stýrði fundinum sem var með þjóðfundarsniði. Gekk umræðuefnið út á stefnumótun og framtíðarsýn náms- og starfsráðgjafa. Til umræðu voru þrjár spurningar:

Hverjir eru styrkleikar stéttarinnar?

Hverjir eru veikleikar stéttarinnar?

Hvar liggja tækifæri stéttarinnar?

Umræður voru afar frjóar og leiddu til gagnlegra niðurstaðna.

Eftir hádegi kom María Ellingsen og kenndi okkur hvernig hægt er að efla öryggi okkar í framkomu og jákvæðu viðhorfi.

Stjórn FNS og fræðslunefnd unnu að undirbúningi þessa dags en markmiðið með Degi náms- og starfsráðgjafar er að náms- og starfsráðgjafar hvar á landinu sem þeir starfa geti komið og notið samvista einn dag á ári og hlustað á fræðandi erindi. Annað markmið þessa dags er að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafa og hafði áður verið óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Ólafur Haraldsson náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Ólafur hefur verið ötull félagsmaður og axlað mörg trúnaðarstörf í gegnum árin. Hann sá um félagatal FNS frá 2009-2012. Hann fylgdi úr hlaði nýrri heimasíðu FNS sem opnuð var 2010 og hafði umsjón með henni í tvö ár.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntun félagsmanna. Eins og segir í lögum FNS er það eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarþörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar.

2. mars 2012 gerðu Endurmenntun Háskóla Íslands annars vegar og Félag náms- og starfsráðgjafa hins vegar með sér samning um símenntun fyrir náms- og starfsráðgjafa. Á grundvelli þarfagreiningar sem gerð var vorið 2012 bauð Endurmenntun Háskóla Íslands náms- og starfsráðgjöfum upp á áhugaverð námskeið, bæði á haustönn 2012 og á vorönn 2013. Á haustönn var boðið upp á námskeið í jákvæðri sálfræði og *Realise 2* og á vorönn var boðið upp á námskeiðið Markvissar leiðir til hegðunarbreytingar - áhugahvetjandi samtal.

3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

21. september: Uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf

Hin árlega uppskeruhátíð meistaranema er samstarfsverkefni námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf, félags- og mannvísindadeildar HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hátíðin var haldin í Endurmenntun HÍ og send út með fjarfundabúnaði. Á dagskránni voru níu erindi meistaranema og var yfirskriftin „Í upphafi skal endinn skoða“. Erindin spönnuðu breitt svið allt frá stoðkerfi og stuðningi í grunnskóla yfir í tækifæri í fullorðinsfræðslu.

Tilgangurinn með uppskeruhátíðinni er að gefa meistaranemum tækifæri til að kynna niðurstöður rannsókna sinna og lokaverkefni og tilvalið fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa að fræðast um nýjustu rannsóknir í faginu. Góð þátttaka náms- og starfsráðgjafa var á uppskeruhátíðinni. Mættir voru 65 félagsmenn.

29. september og 4. október: Námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍ

Boðið var upp á námskeiðið Jákvæð sálfræði - *Realise2* sem Anna Jóna Guðmundsdóttir kennari og þjálfari sá um. Á námskeiðinu var sérstök áhersla lögð á styrkleikabyggða nálgun og leiðir til að nýta þá þekkingu í ráðgjöf. Þátttakendur tóku sjálfir *Realise2* (styrkleikapróf) og fengu að kynnast eigin styrkleikagreiningu og aðferðum styrkleikaþjálfunar. Áhersla var lögð á hagnýt og raunhæf dæmi. Námskeiðið tókst vel í alla staði. 21 félagsmaður mætti á námskeiðið.

20. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagur náms- og starfsráðgjafar var árið 2012 haldinn hátíðlegur nokkrum dögum síðar en hefur tíðkast. Dagskráin var glæsileg að venju en yfirskrift dagsins var „Stöndum þétt saman sem stétt“. Meðþátttaka var á þennan viðburð. Eftir setningu námsstefnunnar tók Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun við. Hún leiddi dagskrána stærstan hluta dagsins. Umræðuefnið tengdist

stefnumótun og framtíðarsýn náms- og starfsráðgjafa og var dagskráin með þjóðfundarsniði. Mættir voru 64 félagsmenn.

15. nóvember: Fræðslufundur um styrki, styrkjaleiðir og tækifæri fyrir náms- og starfsráðgjafa til að sækja styrki í þágu starfsins

Dóra Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Rannsóknarstofu HÍ, kynnti náms- og starfsráðgjöfum tækifæri í heimi styrkja og kynnti sóknarfæri á þeim vettvangi. Einnig kom til fundar Guðrún Birna Kjartansdóttir, verkefnastjóri sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, og kynnti hún skýrslu ELGPN sem kom út á haustmánuðum og var kynnt á ráðstefnu á Kýpur. Kynningar voru mjög áhugaverðar en mæting var dræm, 12 félagsmenn komu á fundinn.

6. desember: Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn í kennsluhúsnæði Mímis-símenntunar við Öldugötu 23 í Reykjavík. Áttu félagsmenn notalega stund og voru léttar veitingar í boði. Ari Eldjárn uppistandari var fenginn til að koma félagsmönnum í jólagírinn og kitla hláturtaugarnar. Mættir voru 30 félagsmenn.

18. janúar: Námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍ á Akureyri

Boðið var upp á námskeið um Jákvæða sálfræði - *Realise2* sem Anna Jóna Guðmundsdóttir kennari og ráðgjafi sá um. Á námskeiðinu var sérstök áhersla lögð á styrkleikabyggða nálgun og leiðir til að nýta þá þekkingu í ráðgjöf. Þátttakendur tóku sjálfir *Realise2* styrkleikapróf, fengu að kynnast eigin styrkleikagreiningu og aðferðum styrkleikabjálfunarinnar. Áhersla var lögð á hagnýt og raunhæf dæmi. Mættir voru 13 félagsmenn.

15. febrúar: Námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍ

Boðið var upp á námskeiðið Markvissar leiðir til hegðunarbreytinga/áhugahvetjandi samtal. Héðinn Svarfdal Björnsson, M.A., M.Phil. og Sveinbjörn Kristjánsson, Ph.D. leiðbeindu á námskeiðinu. Fjallað var um þætti, aðstæður og leiðir sem hafa jákvæð áhrif á hegðun fólks. Sérstök áhersla var lögð á áhugahvetjandi samtal (motivational interviewing) og félagslega markaðsfærslu (social marketing). Alls tók 21 félagsmaður þátt.

Í febrúar og mars: Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í umsjón fagraða FNS

20. mars: Heimsókn í Latabæ

Fræðslunefnd FNS hefur tekið upp þá nýbreytni að leggja áherslu á vinnustaðaheimsóknir náms- og starfsráðgjöfum til fróðleiks og skemmtunar. Í þetta sinn var Latibær heimsóttur. Hallgrímur

Kristinsson ásamt samstarfsfólki kynnti starfsemi Latabæjar. Veitt var innsýn í líf bæjarins og náms- og starfsferill starfsfólksins kynntur. Mættir voru 13 félagsmenn.

Samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands:

Öllum félagsmönnum var boðinn 15% afsláttur af völdum námskeiðum á vormisseri 2013 hjá Endurmenntun HÍ.

Námskeið í boði:

Samningatækni

Vanræksla og ofbeldi gegn börnum – samstarf við barnaverndarnefndir

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð: Framhaldsnámskeið

Lausnamiðuð nálgun

Verkefnastjórnun – vinnustofa

París – líf og lystisemdir

4. Greinargerðir fagráða:

Fagráð grunnskóla:

Vegna óviðráðanlegra ástæðna féll fundur niður í fagráði grunnskóla.

Fagráð framhaldsskóla:

Undirbúningsfundur var haldinn í MK fyrir fagráðsfund náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Niðurstaðan varð að haldinn yrði fagráðsfundur um INNU og möguleika hennar. Skráningarmál eru hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa og INNAN verkfæri sem hægt væri að nýta betur. Ákveðið var að fá Halldór Hauksson áfangastjóra í Tækniskólanum til að kynna möguleika INNU. Með honum kom fulltrúi frá Advania.

Fundurinn var haldinn 1. mars í FB. Þar mættu rúmlega tuttugu náms- og starfsráðgjafar. Fundurinn tókst vel, fjörugar umræður og skoðanaskipti voru og greinileg þörf fyrir námskeið/kynningu á þeim möguleikum sem INNA hefur upp á að bjóða fyrir náms- og starfsráðgjafa. Eftir fundinn var boðið upp á veitingar.

Fagráð háskóla:

Fundur Fagráðs háskóla var haldinn hjá Stúdentþjónustu Háskólans í Reykjavík 14. mars 2013. Dagskrá var eftirfarandi:

Sigríður Hulda frá HR hóf umræðuna með kynningu á starfsemi HR. Náms- og starfsráðgjafar í HR koma m.a. inn í ýmis þróunarverkefni varðandi nemendur, mannauðsmál, móttöku nýnema o.fl.

1. **Sýnileiki stéttarinnar.** Allir ráðgjafarnir vinna markvisst að auknum sýnileika stéttarinnar innan sinna skóla. Enn þá eru einhverjir nemendur sem ekki vita hvað náms- og starfsráðgjafar gera. Einnig kom upp að það þyrfti að auka sýnileikann út á við. Tillaga kom um að félagið brýni það fyrir félagsmönnum að þeir noti lögverndaða heitið náms- og starfsráðgjafi. Umræða var um að félagið sendi beiðni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að hægt verði að finna lista yfir löggilta náms- og starfsráðgjafa á vefnum.
2. **Áhuga- og styrkleikapróf** – HR notar *Realise2* í auknum mæli ásamt því að nota *Strong*. Þessi próf eru lögð fyrir á einstaklingsgrunni. HR leggur líka *Belbin* fyrir hópa. HÍ notar *Strong* og stefnir að því að nota *Bendil 3*, sem miðast við íslenskt námsumhverfi. Bifröst hefur notað *Strong*-prófið og *Belbin*-prófið.
3. **Atvinnuráðgjöf** – Í HR er mikið um einstaklingsráðgjöf í aðstoð við atvinnuleit. Í HÍ er lögð áhersla á námskeið og nemendur geta sent inn ferilskrár og fengið endurgjöf á hana. Allir voru sammála um að aðstoða nemendur við að gera ferilskrár með hámarksupplýsingum og lágmarkstexta.
4. **Sérúrræði** – HÍ og HR vinna í sérúrræðamálum. Nýi talgervillinn er mjög mikil bót og er öllum sem þurfa á að halda að kostnaðarlausu. Tölvumál í lokaprófum er stundum hitamál hjá nemendum, hver má hafa tölvu í lokaprófi og hver ekki. Fundargestir voru sammála um að mikilvægt væri að meta það hjá hverjum og einum.
5. **Hvað er nýtt undir sólinni?** – Minnst á heimasíðu FNS og náms- og starfsráðgjafar hvattir til að nýta sér innri vefinn.
6. **Önnur mál** – M.a. rætt um aukið samráð fagráða og stjórnar.

Fagráð atvinnulífsins:

Fundur fagráðs náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu var haldinn miðvikudaginn 5. mars 2013 í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Ofanleiti 2, 5. hæð. Dagskrá var eftirfarandi:

Fjóla María Lárusdóttir, verkefnastjóri FA, kynnti verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu: „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“. Fjóla útskýrði hvaða verkefni væri farið í á næstunni, hvernig samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar væri háttað og hvernig yrði staðið að framkvæmdinni.

Magnea Ingólfssdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálstofnun kynnti verkefnið Liðsstyrkur-biðstyrkur. Þá nefndi hún nokkur átaksverkefni sem hafa verið í gangi frá efnahagshruninu haustið 2008.

Gerður Gestsdóttir, ráðgjafi hjá VMST og sérfræðingur í innflytjendamálum, flutti erindið "Skilurðu hvað ég segi?". Erindið fjallaði um málefni innflytjenda og hvernig megi sinna þeim betur þegar kemur að ráðgjöf.

Vel var mætt á fundinn, 22 komu á staðinn að fagráðinu meðtöldu og þrír fylgdust með í fjarfundi. Að kynningum loknum voru umræður þar sem meðal annars var rætt um mikilvægi þess að gera þá ráðgjafa sem starfa í atvinnulífinu sýnilegri í félaginu og hvetja þá til að bjóða sig fram í stjórn og nefndir á vegum FNS. Einnig var rætt um að dreifa fundum fagráðsins út fyrir höfuðborgina og stefnt er að því að næsti fundur verði hjá MSS í haust.

6 nemar voru mættir á fundinn og 2 fylgdust með í fjarfundi.

5. Frá siðanefnd:

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafa. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, þar af einum úr stjórn félagsins. Á þessu starfsári 2012-2013 eru sjö ár liðin frá því að félagið setti sér siðareglur. Í siðareglum FNS kemur eftirfarandi fram:

„Siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa er ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er jafnframt að vera náms- og starfsráðgjöfum siðferðilegt leiðarljós í starfi, upplýsa almenning um hugsjónir og faglegar skyldur náms- og starfsráðgjafa, og vera mælikvarði á vönduð vinnubrögð innan fagstéttarinnar.“

Mögulegt framtíðarverkefni fyrir siðanefnd er að yfirfara reglurnar og bæta eða breyta þeim með tilliti til nýjunga í starfi og álitaefna sem geta komið upp eins og t.d. í rafrænni ráðgjöf. Í ár hafa engar upplýsingar borist siðanefnd og enginn fundur hefur verið haldinn.

6. Kjara- og hagsmunamál

Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:

Engar breytingar hafa orðið hjá kjaranefnd grunnskóla.

Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:

Fyrir hönd FNS sitja tveir náms- og starfsráðgjafar í samninganefnd FF. Það eru þær Anna Guðrún Hugadóttir og Guðrún Helgadóttir. Formaður FF hefur unnið mikið starf með stuðningi samninganefndar að samningamálum við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf HÍ varðandi þjálfun nema. Nú nýlega sendi formaður FF bréf til skólameistara framhaldsskólanna þar sem ítrekuð var beiðni til þeirra um að semja ekki við HÍ án aðkomu FF þar sem FF er samningsaðili félagsins gagnvart HÍ. Annað er varðar verkefni fulltrúa FNS er að skoða stöðu okkar innan FF. Er Félag náms- og starfsráðgjafa vel sett innan FF eða væri staða þess betri sem sjálfstæðs félags eða innan vébanda annarrar hreyfingar svo sem BHM? Þetta mál þarf að skoða gaumgæfilega.

Frá kjara- og hagsmunanefnd háskóla:

Engar breytingar hafa orðið á kjaramálum náms- og starfsráðgjafa á háskólastigi.

Frá kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífsins:

Kjör náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun hafa verið óbreytt undanfarin ár. Verið er að ljúka gerð stofnanasamnings en hann rann út í apríl 2008. Gert er ráð fyrir að náms- og starfsráðgjafar hækki í nýjum samningi umfram aðra starfsmenn eða um tvo launaflokka, en samanburður starfsmanna með sambærilega menntun við aðrar ríkisstofnanir hefur verið óhagstæður. Launakjör ráðgjafa á almennum vinnumarkaði, s.s. á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og hjá Starfi sem nýverið hóf starfsemi sína, eru nokkuð hærri en hjá ríkinu þar sem ráðgjafar semja um sín laun sjálfir. Nú mun unnið að taxtaviðmiði náms- og starfsráðgjafa í samstarfi a.m.k. sumra símenntunarmiðstöðva. Þá eru önnur starfskjör nokkuð mismunandi á milli ríkis og almenna vinnumarkaðarins og má þar nefna að samið hefur verið um styttri vinnuskyldu t.d. vegna líkamsræktar og vikuloka hjá almenna markaðinum og hafa þeir sem eru í VR 39 stunda vinnuviku í stað 40 stunda. Þá hefur verið samið um ýmis önnur hlunnindi sem eru nokkuð mismunandi á milli fyrirtækja.

Kjara- og hagsmunamál vegna nema í HÍ:

Enn eru starfsþjálfunarmálin í brennidepli og lítið hefur þokast í samningaviðræðum við HÍ. Samningsaðili þeirra sem starfa í grunn- og framhaldsskólum er KÍ. Fáeinir fundir hafa verið haldnir undanfarin ár milli HÍ og KÍ en ekkert þokast í samkomulagsátt. Reynt verður áfram að komast að samkomulagi núna í vor.

7. Vefsíða FNS:

Á starfsárinu tóku þau Jónína Kárdal og Arnar Þorsteinsson við umsjón vefsíðu félagsins www.fns.is af Ólafi Haraldssyni. Einnig fylgdi með umsjón félagatals í samvinnu við gjaldkera FNS. Vefsíða FNS gegnir því mikilvæga hlutverki gagnvart félagsmönnum að miðla upplýsingum um starfsemi innan og utan félagsins ásamt að flytja skilaboð frá stjórn FNS. Um leið er vefur FNS vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við almenning og stjórnvöld um framlag fræða og fags í náms- og starfsráðgjöf. Vefsíða FNS býður ekki einungis upp á að flytja fregnir af starfsemi félagsins heldur getur hún gegnt hlutverki gagnasafns þar sem hægt er að vista faglegar greinar sem félagsmenn geta sótt. Til þess að svo megi verða þarf að efla kunnáttu og þekkingu félagsmanna á möguleikum félagsvefsins. Umsjónarmenn fengu liðsinni frá meistaranema í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, Kristínu Björk Jónsdóttur, við að taka viðtöl við félagsmenn og munu þau birtast síðla á vormisseri 2013. Vilji er til að leggja enn frekar áherslu á lifandi fréttir af félagsmönnum, því sem efst er á baugi hjá félaginu og í faginu hverju sinni. Í því skyni er hugmyndin sú að skipa 5 manna ritnefnd sem vonandi mun taka til starfa strax í sumar.

8. Félagatal og félagsaðild FNS:

Samkvæmt félagatali vorið 2012 voru 355 félagsmenn á skrá.

Í febrúar 2013 höfðu 297 greitt félagsgjöld. Ákveðið var samkvæmt lögum félagsins að taka af skrá þá félagsmenn sem ekki höfðu greitt félagsgjöld.

Frá hausti 2012 til vors 2013 hafa 15 einstaklingar óskað eftir félagsaðild og fyrir liggja beiðnir frá fleirum. Því eru alls 312 félagsmenn skráðir í félagatal FNS vorið 2013.

9. Fjárreiður og félagsgjöld FNS:

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2012 er byggður á bókhaldi félagsins. Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

10. Styrkir til FNS:

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

11. Norrænt samstarf:

Fulltrúi norræns samstarfs sótti norrænan fund haustið 2012, nánar tiltekið 4. október til Mannheim í Þýskalandi. Þar var jafnframt haldin alþjóðleg ráðstefna IAEVG (Social Justice, Prosperity and Sustainable Employment). Kynnt voru helstu átaksverkefni sem eru og voru í boði fyrir atvinnulaust fólk. Menntun okkar náms- og starfsráðgjafa var rædd auk þess sem fjármál bar á góma. Ákveðið var á þessum fundi að fulltrúar hverrar þjóðar fyrir sig lyki við landsskýrslu fyrir árið 2011 og sendi í nóvember 2012, síðan landsskýrslu 2012 í febrúar/mars 2013. Ákveðið var einnig að næsti fundur norrænna ráðgjafa yrði haldinn í Osló í apríl 2013. Nauðsynlegt er að viðhalda tengslum við náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndum og fá tækifæri til að fylgjast með og skiptast á skoðunum og hugmyndum.

12. Umsagnir:

Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga:

Félagið hefur fengið þrjú frumvörp til umsagnar og tvær þingsályktunartillögur:

- Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, 636. mál
- Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 635. mál
- Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu og heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470.mál
- Frumvarp til laga um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 497. mál
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdáætlun í barnavernd til 2014, 458. mál

Allar umsagnir um málin birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

13. Önnur verkefni

Verkefnahópur fimm meistaranema í verkefnastjórnun í HR ætlar að gera fræðslumynd um geðsjúkdóma ungs fólks og hefur verkefnið fengið nafnið „Geðsjúkdómar fyrir framhaldsskólanemendur“. Hópurinn hafði áhuga á að fá félagsmann úr FNS til að koma fram í þessu myndbandi og tók Ólöf Helga Þór það að sér.

Ákveðið hefur verið að hrinda af stað kynningarátaki í starfsmenntun sem lið í átaki ríkisstjórnarinnar *Nám er vinnandi vegur* á árinu 2013. Átakið byggir á skýrslunni Kynning á

starfsmenntun sem var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2012. Elín Thorarensen hjá ráðuneytinu hefur verið ráðin verkefnastjóri til áramóta. Hún mun undirbúa kynningarátakið og mynda teymi hagsmunaaðila svo sem stéttarfélag, samtaka atvinnurekenda, framhaldsskóla, nemenda, kennara, fulltrúa sveitarfélaga og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk teymisins er að vera samráðsvettvangur um þau verkefni sem unnt er að hrinda í framkvæmd á árinu 2013 og undirbúa framhald þeirra á næstu árum. Fulltrúi FNS í þessu teymi verður Iðunn Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Iðunni.

Á Íslandsmóti í iðn- og verkgreinum á vorönn 2012 voru fengnir í fyrsta skipti náms- og starfsráðgjafar til að veita gestum upplýsingar og kynna nám og störf. Í ár ætlar stjórn Verkiðnar að efla þessa kynningu og hefur farið þess á leit við stjórn FNS að fá fulltrúa frá félaginu til að vinna að undirbúningi Íslandsmótsins. Sigurjóna Jónsdóttir frá Tækniskólanum og Inga Jóna Þórsdóttir frá Iðnskólanum í Hafnarfirði verða fulltrúar FNS í þessu verkefni í mars 2014.

Lokaorð:

Ágætu náms-og starfsráðgjafar

Fyrir fjórum árum síðan þegar Ágústa kom að máli við mig um að ég tæki að mér formennsku í Félagi náms-og starfsráðgjafa var ég fyrst í vafa en fannst einnig að ég gæti varla neitað slíkri áskorun. Nokkrum vikum áður en ég tók við formennskunni varð löggildingin á heiti náms-og starfsráðgjafa í höfn og vissulega spennandi tímar framundan. Við gengum þarna í fararbroddi annarra náms-og starfsráðgjafa á Norðurlöndum og víðar í Evrópu og var litið upp til okkar og þeim merka áfanga sem við höfðum náð í gegn með mikilli baráttu og staðfestu allmargra félagsmanna.

Þetta hafa verið viðburðarík fjögur ár og ekki alltaf logn í kringum þau. Breyting námsins í náms-og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands úr diplóma námi í meistaranám var merkur áfangi sem ber að fagna. En með þeirri breytingu jókst þjálfun nema á vettvangi úr 100 klukkustundum í 240 klukkustundir. Það jafngildir 25% af meistaranámi nemanna. Náms-og starfsráðgjafar sem taka nema í þjálfun eiga að fá réttmæt laun fyrir. Þörf fyrir sérþekkingu okkar náms-og starfsráðgjafa hvar sem við störfum í þjóðfélaginu hefur aldrei verið meiri og mikilvægt að við stöndum vörð um stéttarvitund okkar og jafnframt að við berjumst fyrir réttmætum launum.

Um áramótin 2012-2013 höfðu 260 náms-og starfsráðgjafar fengið leyfisbréf varðandi löggildingu á heitið. Baráttan um löggildinguna hafði verið löng og ströng og 30.mars 2009 er merkur dagur í sögu FNS. En þrátt fyrir löggild leyfisbréf þá virðast fleiri félagsmenn nota orðið námsráðgjafi en náms-og starfsráðgjafi. Það fer ótrúlega fyrir brjóstið á mér að löggilta heitið skuli ekki alltaf verið notað af þeim sem hafa fengið leyfisbréf.

Mig langar því að skora á alla náms-og starfsráðgjafa nær og fjær að nota löggilta heitið bæði í orði og riti.

Á degi náms-og starfsráðgjafar í október síðastliðnum var boðað til fundar með þjóðfundarsniði sem Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun stýrði. Umræðuefnin voru mörg og áhugaverð og m.a. hvernig og hvort við gætum ekki sameinast í eitt kjarafélag en félagsmenn eru í dag í mörgum ólíkum kjarafélögum. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að sameining í eitt kjarafélag gerði okkur öflugri. En stóra spurningin er hvernig förum við að því án þess að félagsmenn tapi áunnum réttindum sínum?

Þessi fjögur ár hafa verið áhugaverð, liðið ótrúlega fljótt og ég margs vísari um félagið en áður en ég tók við formennsku þess. Þetta er gott félag sem hefur alla burði til að takast á við mismunandi verkefni bæði stór og smá.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og fræðslunefnd fyrir frábært samstarf undanfarin ár og einnig vil ég þakka öllum þeim sem hafa starfað í nefndum og fagraðum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Félagsmönnum öllum óska ég farsældar í framtíðinni.

Reykjavík 23.apríl 2013



Björg Kristjánsdóttir

Formaður Félags náms-og starfsráðgjafa